



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Valgarður Stefánsson

VARMALEIÐNI OG PORUHLUTI

OS-93038/JHD-11

Reykjavík, júlí 1993



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 720105

VARMALEIÐNI OG PORUHLUTI

Valgarður Stefánsson

OS-93038/JHD-11

Júlí 1993

ISBN 9979-827-26-2

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. SAMBAND PORUHLUTA OG VARMALEIÐNI	5
3. MÆLINGAR Á BORKJÖRNUM	9
3.1 Innbyrðis samræmi mæligagna	9
3.2 Mælingar á varmaleiðni	11
3.2.1 Log K sem fall af poruhluta	12
3.2.2 1/K sem fall af poruhluta	13
3.2.3 K sem fall af poruhluta	15
4. FYLGNISTUÐLAR	17
5. EÐLISPYNGD OG VARMALEIÐNI	19
6. KÍSILSÝRA OG VARMALEIÐNI	20
7. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	21
 PAKKIR	 22
 HEIMILDIR	 23
VIÐAUKI 1. Mæliniðurstöður	24
VIÐAUKI 2. Útreikningar á skekkjumörkum	28

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Eðlisþyngd pora og bergeðlisþyngd.	11
Tafla 2.	Varmaleiðni vatns og bergvarmaleiðni	16
Tafla 3.	Fylgnistuðlar beinu línnanna þegar engin skilyrði eru sett á gögnin	17
Tafla 4.	Fylgnistuðlar beinu línnanna þegar ferlum er þróngvað í gegnum varmaleiðni vatns við poruhlutann 100 %	18
Tafla 5.	Ákvörðun á bergvarmaleiðni [W/m°C] þegar ferlum er gert að ganga í gegn um varmaleiðni vatns við poruhlutann 100 %	18
Tafla 6.	Varmaleiðni kísilsteinda	20

MYNDASKRÁ

Mynd 1.	(a) Raðtenging og samsíðatenging varmaleiðniþáttá í bergi. (b) Myndræn túlkun á tvístruðu líkani.	7
Mynd 2.	Ferlar fyrir jöfnur (1), (2), (3), (4), (5) og (6) þar sem bergvarmaleiðnin er $4 \text{ W/m}^{\circ}\text{C}$.	8
Mynd 3.	Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Cajon Pass.	9
Mynd 4.	Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Azufres.	10
Mynd 5.	Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Humeros.	10
Mynd 6.	Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.	12
Mynd 7.	Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.	12
Mynd 8.	Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.	12
Mynd 9.	Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Íslandi.	13
Mynd 10.	$1/K$ sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.	13
Mynd 11.	$1/K$ sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.	13
Mynd 12.	$1/K$ sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.	14
Mynd 13.	$1/K$ sem fall af ϕ fyrir sýni frá Íslandi.	14
Mynd 14.	K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.	14
Mynd 15.	K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.	15
Mynd 16.	K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.	15
Mynd 17.	K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Íslandi.	15
Mynd 18.	Samband varmaleiðni og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Cajon Pass.	19
Mynd 19.	Samband varmaleiðni og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Azufres.	20
Mynd 20.	Samband varmaleiðni og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Humeros.	20
Mynd 21.	Mögulegt samband bergvarmaleiðni og kísilsýru í bergi	21

1. INNGANGUR

Í stuttri greinargerð (Valgarður Stefánsson, 1992) var fjallað nokkuð um samband varmaleiðni bergs og poruhluta. Tilgangur þeirrar samantektar var að benda á að poruhluti hefur mikil áhrif á varmaleiðni bergsins, en lítið er fjallað um það atriði í almennri umræðu um varmaleiðni bergs. Hins vegar er oft rætt um að tiltekin berggerð hafi ákveðið varmaleiðnigildi, án þess að þess sé getið að varmaleiðnin er bæði háð berggerð og poruhluta. Sem dæmi um þetta má nefna að í nýlegri samantekt um varmaleiðnimælingar á bergi (Cermák and Rybach, 1982) eru birtar töflur um mælingar á varmaleiðni sem fylla margar blaðsíður, án þess að þess sé getið hver sé poruhluti bergsins.

Í ofannefndri greinargerð (Valgarður Stefánsson, 1992) voru gögn frá borholu í Cajon Pass í Kaliforníu (Sass og fl., 1992) skoðuð og athugað hvort mældar stærðir félle betur að línulegu sambandi milli varmaleiðni og poruhluta, jafna (1), eða að logaritmisku sambandi, jafna (2), (sjá t.d. Hearst og Nelson, 1985):

$$K = \phi K_v + (1-\phi) K_b \quad (1)$$

$$\log K = \phi \log K_v + (1-\phi) \log K_b \quad (2)$$

Hér eru ϕ poruhluti bergsins, K_b bergvarmaleiðni (þ.e. varmaleiðni viðkomandi berggerðar ef poruhluti hennar væri núll) og K_v varmaleiðni vatns = 0,628 W/m °C. Niðurstæða þeirra athugana var sú að logaritmiska sambandið félle betur að mældum stærðum en línulegt samband.

Guðni Axelsson hefur bent á að auk jöfnu (1) og (2) sé algengt að nota jöfnu á forminu:

$$\frac{1}{K} = \frac{\phi}{K_v} + \frac{(1-\phi)}{K_b} \quad (3)$$

til þess að lýsa eiginleikum bergs sem falli af poruhluta.

Fjórða jafnan til þess að lýsa varmaleiðni sem falli af poruhluta er:

$$K = K_b \left[\frac{(2r+1) - 2\phi(r-1)}{(2r+1) + \phi(r-1)} \right] \quad (4)$$

þar sem $r = K_v/K_b$, en aðrar stærðir þær sömu og áður. Þessi jafna er oft kennd við Maxwell og mun fyrst hafa komið fram í riti hans *A treatise on electricity and magnetism* árið 1891.

Jöfnur (1) og (3) lýsa samsíða- og raðtengingu varmaleiðniþátta eins og nánar er sýnt á mynd 1. Þessi tilvik eru jaðartilvik í mjög stefnuháðu efni. Hashin og Shtrikman (1962) hafa leitt út jaðartilvik fyrir einsleit og stefnuóháð efni (macroscopically homogeneous and isotropic), sem eru ávallt þrengri en samsíða- og raðtenging varmaleiðniþátta. Jaðrar Hashins og Shtrikmans ($H-S^+$ og $H-S^-$) voru leiddir út til að lýsa segulleiðni í margþátta efni, en vegna samræmis í stærðfræðilegum jöfnum ættu niðurstöðurnar að gilda einnig fyrir

rafsvörunarstuðul (dielectric constant), rafleiðni, varmaleiðni og varmasveimsstuðul (diffusivity) í margþátta efni. Jöfnur H-S jaðranna eru þessar:

$$K = K_v + \frac{3K_v(K_b - K_v)(1 - \phi)}{3K_b + (K_b - K_v)\phi} \quad (5)$$

sem gildir fyrir neðri H-S jaðarinn (H-S⁻) og

$$K = K_b + \frac{3K_b(K_v - K_b)\phi}{3K_b + (K_v - K_b)(1 - \phi)} \quad (6)$$

sem gildir fyrir efri H-S jaðarinn (H-S⁺).

Auk þess að fleiri jöfnur koma nú til álita við lýsingu á varmaleiðni sem falli af poruhluta hafa komið til meiri gögn um varmaleiðnimælingar á storkubergi þar sem poruhluti bergsins er einnig tíundaður. Í jarðhitatímariti sem gefið er út í Mexikó birtust fyrir nokkrum árum niðurstöður varmaleiðnimælinga á borkjörnum frá jarðhitasvæðunum Los Azufres (Contreras og fl., 1988) og Los Humeros (Contreras og fl., 1990) í Mexikó. Einnig hefur Ólafur G. Flóvenz fundið í fórum Orkustofnunar gögn um varmaleiðnimælingar á íslensku bergi sem Alan Jessop gerði árið 1975. Pannig liggja nú fyrir meiri gögn um varmaleiðni storkubergs en tekin voru fyrir í greinargerðinni (Valgarður Stefánsson, 1992), en auk þess liggur fyrir að þörf er á að útvíkka sjónarhornið á samband varmaleiðni og poruhluta og taka til athugunar fleiri sambönd en þau sem skoðuð voru í greinargerðinni.

Fyrirliggjandi skýrslu er ætlað að ákvæða hvaða jafna lýsi best sambandinu á milli varmaleiðni og poruhluta bergs. Mælingar á borkjörnum frá Cajon Pass, Los Azufres og Los Humeros eru notaðar við þessa athugun ásamt þeim mælingum sem Alan Jessop gerði á íslensku bergi árið 1975. Í skýrslunni er einnig reynt að tengja varmaleiðni storkubergs við aðra eðlisæiginleika bergsins eins og eðlisþyngd og kísilsýruinnihald.

2. SAMBAND PORUHLUTA OG VARMALEIÐNI

Svo sem A.E. Beck (1976) rekur nánar eru það einkum fjórar jöfnur eða líkön, sem notuð hafa verið til að lýsa varmaleiðni í margþátta kerfum. Þessar jöfnur eru:

- a) Samsíða tenging varmaleiðnipáttanna (vegið meðaltal). Almenna jafnan fyrir þetta tilvik er:

$$K = \frac{\sum P_n K_n}{\sum P_n} \quad (7)$$

Hér er P_n rúmmálshluti n-ta þáttar í þessu margþátta kerfi og K_n er varmaleiðni n-ta þáttar. Fyrir tvíþátta kerfið vatn og berg er þetta jafna (1).

- b) Raðtenging varmaleiðniþáttanna (vegið harmonískt meðaltal). Almenna jafnan fyrir þetta tilvik er:

$$K = \frac{\sum P_n}{\sum \frac{P_n}{K_n}} \quad (8)$$

sem fyrir tvíþáttu kerfið vatn og berg er einfaldlega jafna (3).

- c) Almenna jafnan fyrir vegið geometrískt meðaltal er:

$$K = [\prod K_n^{P_n}]^{\frac{1}{\sum P_n}} \quad (9)$$

Fyrir tvíþáttu kerfið vatn og berg verður þessi jafna:

$$K = K_v^\phi K_b^{(1-\phi)} \quad (10)$$

Vanalega er þessi jafna rituð á log formi eins og gert er í jöfnu (2).

- d) Jafna (4) gildir fyrir tvíþáttu tvístrað líkan (dispersive model).

Auk þessara fjögurra jafna eru í inngangi nefndir til sögunnar jaðrar Hashins og Shtrikmans, jöfnur (5) og (6). Til þess að sýna mun á þessum sex jöfnum eru ferlar jafnanna sýndir á mynd 2 fyrir það ákveðna tilvik að bergvarmaleiðni K_b sé sé 4 W/m °C. Varmaleiðni vatns K_v er í öllum tilvikum 0,628 W/m °C. Á myndinni kemur það fram að efri H-S jaðarinn er sami ferill og ferill Maxwells.

Eins og áður segir gilda jöfnur (1) og (3) fyrir samsíðatengingu og raðtengingu varmaleiðniþáttu vatns og bergs, og er myndræn túlkun þessara sambanda mjög einföld eins og sýnt er á mynd 1a. Það er talinn galli á þessum jöfnum eða þeim líkönum sem liggja að baki jafnanna (mynd 1a) að þetta sé of mikil einföldun á raunveruleikanum. Bæði má benda á að bergið tollir ekki saman ef mynd 1a er túlkuð of bókstaflega og einnig eru líkönin á mynd 1a strangt tekið ekki stefnuóháð (isotropic).

Jafna (2) er geometrískt meðalgildi varmaleiðniþáttanna, en ekki er til myndræn túlkun á þessu sambandi. Notkun þessarar jöfnu virðist helst byggjast á því að jafna (2) er um það bil miðja vegu á milli jaðranna sem skilgreindir eru með jöfnum (1) og (3). Einnig er jafna (2) mun einfaldari en jafna (4).

Að baki jöfnu (4) er einfalt raunverulegt líkan þar sem kúlulaga vatnsbólum með varmaleiðni K_v hafa tvístrast um berg með varmaleiðnina K_b , eins og sýnt er á mynd 1b. Jafna Maxwells er ekki samhverf (symmetrisk) með tilliti til varmaleiðniþáttanna, en jafna Maxwells er sami ferill og efri jaðar Hashins og Shtrikmans, eins og sést á mynd 2 og auðvelt er að leiða út. Samhverfa Maxwells jöfnunnar og efri jaðars Hashins og Shtrikmans, þ.e. að kúlulaga bergkúlum með varmaleiðni K_b er tvístrað um vatn er einfaldlega neðri H-S jaðarinn.

Þar sem jafna Maxwells er sama jafna og efri jaðar Hashins og Shtrikmans eru í reynd fimm jöfnur sem gætu komið til greina til þess að lýsa áhrifum poruhluta á varmaleiðni bergs.


Almennt er reiknað með að lögun poranna í jöfnum (1), (2), (3), (5) og (6) hafi ekki áhrif á niðurstöður, þó svo að bókstafleg túlkun á mynd 1a sé ekki í samræmi við það eins og áður hefur komið fram.

Jöfnurnar fimm eru allar tiltölulega einfaldar, en ekki liggur fyrir hvaða jafna lýsir best sambandi poruhluta og varmaleiðni bergs.

Þó svo að framangreindar fimm eða sex jöfnur hafi mest komið til umræðu við að lýsa áhrifum poruhluta á varmaleiðni bergs, má hugsa sér mörg önnur líkön til þess að lýsa þessum áhrifum. Með tilvísun í samræmi á milli jafna fyrir varmaleiðni og rafleiðni, má t.d. ætla að niðurstöður um viðnám í "kubbabergi" (Valgarður Stefánsson og fl. 1982b) gildi einnig fyrir varmaleiðni í "kubbabergi". Í þannig líkani hefur lögun poranna (stefna á sprungum) þó mikil áhrif á niðurstöður. Í fyrstu nálgun hyllast menn til þess að velja líkan eða lýsingu þar sem lögun poranna hefur ekki áhrif á niðurstöður.


Til þess að ákvarða hvaða jafna lýsir best áhrifum poruhluta á varmaleiðni bergs er einfaldlega athugað að hvaða ferli mæld gögn falla best. Fræðilega séð er þetta einfalt markmið, en umfang og gæði gagnanna verða að ráða hvernig sá samanburður er gerður. Fyrirliggjandi mæligögn eru ekki mikil að vöxtum, og lítið er vitað um gæði gagnanna. Í fyrstu atrennu er því talið rétt að takmarka athugunina við aðeins þrjá ferla og athuga hvort mæligögnin greini á milli þeirra.

Einfaldasta aðferð til þess að athuga hversu vel mælipunktar falla að gefnum ferli er það tilvik þegar ferillinn er bein lína. Auðvelt er að umrita jöfnur (2) og (3) þannig að form þeirra sé línulegt. Sú aðferð er því valin hér að athuga hversu vel mælipunktar falla að jöfnum (1), (2) og (3) þegar allar jöfnurnar eru ritaðar á línulegu formi.



Mynd 1. (a) Raðtenging og samsíðatenging varmaleiðniþáttta í bergi. (b) Myndræn túlkun á tvístruðu líkani (Líkan Maxwells)

Strangt tekið er þessi aðferð ekki gallalaus. Með vörpun í $1/K$ og $\log K$ rúm bjagast dreifing mælipunkta, en minnsta kvaðrataðferðin (ákvörðun á beinni línu) gerir ráð fyrir normaldreifingu gagna. Þessi ókostur er þó varla nægjanlegur til þess að útiloka aðferðina, en helsti kosturinn við aðferðina er einfaldleikinn í meðhöndlun gagna.



Mynd 2. Ferlar fyrir jöfnur (1), (2), (3), (4), (5) og (6) þar sem bergvarmaleiðnin er 4 W/m°C.

Valið á jöfnum (1), (2) og (3) byggist annars vegar á því að auðvelt er að rita jöfnurnar á línulegu formi og hins vegar á því að ferlar jafnanna spanna sviðið nokkuð vel. Jöfnur (1) og (3) eru efsta og neðsta tilvik á mynd 2, en ferill jöfnu (2) liggur nokkurn veginn miðja vegu á milli þeirra.

Með því að umrita jöfnur (1), (2) og (3) fást eftirfarandi jöfnur:

$$K = K_b + \Phi(K_v - K_b) \quad (11)$$

$$\log K = \log K_b + \phi(\log K_v - \log K_b) \quad (12)$$


$$\frac{1}{K} = \frac{1}{K_b} + \phi \frac{K_b - K_v}{K_v K_b} \quad (13)$$

Sú aðferð sem notuð er hér, er að teikna upp stærðirnar K, 1/K og logK sem fall af ϕ og draga bestu beinu línu í gegn um mælipunkta. Fræðilega séð gæti þetta nægt til þess að greina á milli jafnanna þriggja. Hins vegar eru ferlarnir þrír mjög nálægt því að vera beinar línum á poruhlutabilinu 0-23% (spönn mæligagna), þannig að frekari skilyrði þurfa að koma til svo hægt sé að greina á milli ferlanna. Aukaskilyrðið sem sett er, er að besta línan sem fellur að mæligönum gangi einnig í gegnum gildið 0,628 W/m °C (eða samsvarandi gildi í 1/K vörpun eða logK vörpun) þegar $\phi = 1,0$ (100% poruhluti).

3. MÆLINGAR Á BORKJÖRNUM

3.1 Innbyrðis samræmi mæligagna

Til þess að hægt sé að greina á milli jafna (1), (2) og (3) verða mæligildin að vera fyrir sömu berggerð, þ.e. til verður að vera eitt gildi á bergvarmaleiðni fyrir það safn mæligilda sem notað er í hverjum samanburði. Ekki er auðvelt að vita hvort slíkar aðstæður eru fyrir hendi í fyrirliggjandi mæligönum þar sem lítið er vitað um söfnunar-aðferðir og þau markmið sem höfð voru að leiðarljósi við mælingarnar í Mexíkó og í Kaliforníu. Sass og félagar (1992) gefa upp að berggerðin í Cajon Pass sé sandsteinn, og má því ætla að í því tilviki sé aðeins ein berggerð og ein bergvarmaleiðni fyrir hendi. Berggerð kjarnanna frá Los Azufres er gefin upp hjá Contreras og félögum (1988), og er í öllum tilvikum einhvers konar andesít. Nánar tiltekið eru eftirfarandi berggerðir tilgreindar (á spænsku): *andesita*, *andesita microcristalina*, *andesita porfidica*, *andesita microlitica*, *andesita basaltica* og *toba andesitica*. Það má því ætla að eitt gildi á bergvarmaleiðni sé fyrir hendi fyrir sýnin frá Los Azufres.



Mynd 3. Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Cajon Pass

Fyrir sýni frá Los Humeros er staðan hins vegar verri, því Contreras og félagar (1990) gefa


ekki upp nafn eða nöfn á berggerðum þeim sem mælingarnar eru gerðar á.

Ef kjarnabútnir eru allir af sömu berggerð, og ef mælingarnar eru vel gerðar, ætti að vera gott línulegt samband milli poruhluta og eðlisþyngdar. Það er því hægt að nota samband poruhluta og eðlisþyngdar til þess að meta hvort sýni eru af sömu eða svipaðri berggerð. Bergeðlisþyngd er efnis-eiginleiki og ákvarðast fyrst og fremst af efnasamsetningu ógropna hluta bergsins. Myndir 3 og 4 sýna sambandið milli poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýnin frá Cajon Pass og frá Los Azufres. Telja verður að mæligildin fylgi beinni línu þokkalega eins og búist var við. Skurðpunktur við y ásinn gefur bergeðlisþyngd $2,65 \text{ g/cm}^3$ fyrir sýni frá Cajon Pass og $2,79 \text{ g/cm}^3$ fyrir sýni frá Los Azufres. Helstu gallar við myndir 3 og 4 eru þeir að beina línan á mynd 3 hefur y-gildið $-0,11$ fyrir $\phi = 100\%$ og beina línan á mynd 4 hefur y-gildið $-0,42$ fyrir $\phi = 100\%$. Contreras og félagar (1988) gefa upp að þeirra eðlisþyngdargildi eigi við þurrt berg (*densidad total de la roca seca*), og þá ætti beina línan að gefa $y = 0$ þegar $x = 100\%$. Í grein Sass og félaga (1992) er ekki getið hvort eðlisþyngd er miðuð við þurrt eða blautt sýni, en beina línan á mynd 3 bendir eindregið til þess að þeirra eðlisþyngd eigi við þurrt sýni. Framlenging beinu línnanna á myndum 3 og 4 gefur auðsjánlega við skekkjumörk fyrir eðlisþyngdargildið við 100% poruhluta. Niðurstöður frá mynd 4 benda til að skekkjumörk séu um $\pm 0,5 \text{ g/cm}^3$.


Mynd 5 sýnir sambandið milli poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Humeros. Í þessu tilviki er búið að sleppa einu mæligildi, sem bent til að bergeðlisþyngd þess sýnis væri um $3,4 \text{ g/cm}^3$. Þau gildi sem gefin eru á mynd 5 fylgja þokkalega beinni línu. Bergeðlisþyngdin er $2,78 \text{ g/cm}^3$ og y-gildi línnunnar fyrir $\phi = 100\%$ er $-0,07 \text{ g/cm}^3$.

Í gögnum Jessops liggja ekki fyrir mælingar á eðlisþyngd. Þess vegna er ekki hægt að nota samband eðlisþyngdar og poruhluta til þess að kanna inþyrðis samræmi mæligagna í því tilviki.

Í þeim þrem tilvikum sem athuguð voru (Cajon Pass, Los Azufres og Los Humeros), virðist vera sæmilega gott línulegt samband milli poruhluta og eðlisþyngdar. Sú



Mynd 4. Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Azufres.



Mynd 5. Samband poruhluta og eðlisþyngdar fyrir sýni frá Los Humeros

dreifing sem kemur fram á myndum 3, 4 og 5 bendir ekki til þess að um mismunandi berggerðir sé að ræða í hverju tilviki fyrir sig. Þessi athugun útilokar þó ekki að svo geti verið. Ef sýnin eru af sömu gerð er nauðsynlegt að samband eðlisþyngdar og poruhluta sé línulegt. Hins vegar er það ekki nægjanlegt skilyrði til þess að draga þá ályktun að sýnin séu sömu gerðar.

Það er marktækur munur á bergeðlisþyngd sandsteins frá Cajon Pass og andesíts frá Los Azufres. Bergeðlisþyngd óþekkta bergsins í Los Humeros er sú sama og bergeðlisþyngd andesíts í Los Azufrez. Það er því líklegt að kjarnabútar frá Los Humeros séu andesít. Miðað við almennt jarðlagasnið frá Los Humeros (sjá t.d. Viggiano og Robles, 1988) og uppgefið dýpi á kjörmum, má ráða að meginhluti kjarnanna frá Los Humeros sé í raun og veru andesít. Til öryggis er þó sýnum frá Los Azufrez og Los Humeros haldið aðskildum í þeim athugunum, sem fara hér á eftir.

Eðlisþyngd pora er nálægt nálli fyrir sýni frá Cajon Pass og Los Humeros, en gildið $-0,42 \text{ g/cm}^3$ fyrir sýni frá Los Azufres virðist vera óþarflega langt frá fræðilega gildinu, en sýnir trúlega bara það að skekkjumörk verða mjög við þegar bein lína er framlengd langt út fyrir svíð mæligildanna. Ef beinu línunum á myndum 3, 4, og 5 væri þróngvað í gegn um gildið ($\phi = 100\%$, $\rho = 0$) fæst í öllum tilvikum lægra gildi á bergeðlisþyngd og munurinn er mestur fyrir sýni frá Los Azufres. Nánar er fjallað um þetta atriði í kafla 4.

Tafla 1. Eðlisþyngd pora og bergeðlisþyngd.

Svæði og berggerð	Bergeðlisþyngd g/cm^3	Eðlisþyngd pora g/cm^3
Cajon Pass (sandsteinn)	2,65	- 0,11
Los Azufres (andesít)	2,79	- 0,42
Los Humeros (óþekkt berg, en trúlega andesít)	2,78	- 0,07


Í stórum dráttum má álykta að innbyrðs samræmi sé í mæligögnunum frá svæðunum þremur og að á hverju svæði eigi mæligögnin við eina berggerð.

3.2 Mælingar á varmaleiðni

Til þess að kanna samband á milli poruhluta og varmaleiðni eru stærðirnar log K, $1/K$ og K teiknaðar sem fall af poruhluta (ϕ) og bein lína teiknuð í gegnum mælipunkta. Á þennan hátt er í fljótu bragði hægt að sjá hversu vel mælipunktar falla að beinni línu, og meta þannig hversu vel jöfnur (1), (2) og (3) lýsa sambandinu milli poruhluta og varmaleiðni. Ekki eru settar neinar takmarkanir á legu línunnar og einungis stuðst við mælipunkta.

Auk þessa er í hverju tilviki athugað hvaða varmaleiðnigildi línan ákværðar við 100% poruhluta. Ef ferillinn lýsir sambandinu vel ætti varmaleiðnin við poruhluta 100% að vera $0,628 \text{ W/m } ^\circ\text{C}$. Gildi jöfnunnar ákværðast að mjög miklu leyti af því hversu nálægt gildinu $0,628 \text{ W/m } ^\circ\text{C}$ framlenging línunnar hafnar þegar poruhlutinn er 100%.

Mynd 2 sýnir glögglega að fyrir mælipunkta á bilinu 0-20 % eru allir ferlarnir svo til bein lína, svo það er mjög erfitt að greina á milli ferlanna á þessu poruhlutabili ef engin viðbótar skilyrði eru sett á gögnin. Allir mælipunktar í þessari athugun eru á þessu poruhlutabili. Hins vegar hefur það komið fram við athugun á sambandi eðlisþyngdar og poruhluta að skekkjumörk y gildis eru mjög við við framlengingu línu að 100% poruhluta. Þess vegna eru skekkjumörk stuðlanna m og b í jöfnunni $y = mx + b$ reiknuð sérstaklega, og er þeim reikningum lýst í Viðauka 2.




Mynd 6. Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.

3.2.1 Log K sem fall af poruhluta


Myndir 6, 7, 8 og 9 sýna mæligildin frá Cajon Pass, Los Azufres, Los Humeros og Íslandi þar sem log K er teiknað upp á móti poruhluta. Fjöldi sýna er 20 frá Cajon Pass, 16 frá Los Azufres, 14 frá Los Humeros og 28 frá Íslandi. Gögnin frá Cajon Pass eru 11 sýni frá borkjarna og 9 sýni frá sandsteinsopnu nálægt holu, sem á að vera sami sandstein og sá sem kemur fram í holunni. Sass og félagar (1992) gefa aðeins upp eðlisþyngd fyrir þau sýni sem tekin voru á yfirborði. Þess vegna eru aðeins 9 mæligildi á mynd 5, en 20 gildi á mynd 6 þar sem varmaleiðnigildi af kjamasýnum og yfirborðssýnum eru tekin fyrir.

Dreifing mæligilda er töluverð á öllum myndunum, þó sérstaklega fyrir sýnin frá Los Humeros, en jöfnur bestu lína gegn um mælipunkta eru þessar (sjá Viðauka 2):

$$\begin{aligned}
 \text{CP} \quad \log K &= - (0,0065 \pm 0,0035)\phi + (0,448 \pm 0,045) \\
 \text{LA} \quad \log K &= - (0,0105 \pm 0,0030)\phi + (0,348 \pm 0,036) \\
 \text{LH} \quad \log K &= - (0,0016 \pm 0,0033)\phi + (0,307 \pm 0,050) \\
 \text{ÍS} \quad \log K &= - (0,0055 \pm 0,0011)\phi + (0,265 \pm 0,008)
 \end{aligned}$$



Mynd 7. Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.



Mynd 8. Log K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.

Skurðpunktar við ásana gefa eftirfarandi gildi:


	K_b [W/m °C]	K_v [W/m °C]
CP	$2,81 \pm 0,30$	$0,62 \pm 0,77$
LA	$2,23 \pm 0,20$	$0,20 \pm 0,18$
LH	$2,03 \pm 0,24$	$1,4 \pm 1,6$
ÍS	$1,84 \pm 0,06$	$0,52 \pm 0,11$

Það er nokkuð einsýnt að mælipunktar á mynd 8 eru mjög dreifðir og ákvarða illa beina línu. Hallatala á mynd 8 er mun lægri en hallatölur á myndum 6, 7 og 9. Innan skekkjumarka er m.a.s. ekki hægt að ákvarða hvort logK vex eða minnkar með auknum poruhluta. Útreiknað gildi á K_v fyrir Los Humeros er líka mjög frábrugðið þeim gildum sem fást fyrir Cajon Pass, Los Azufres og Ísland.


Par sem berggerð er trúlega andesít bæði í Los Azufres og Los Humeros, mætti ætla að K_b væri það sama í báðum tilvikum. Í reynd er um 10% munur á ákvörðunum fyrir Los Azufres og Los Humeros, og er það innan skekkjumarka. Verður að telja það mjög viðunandi miðað við að dreifingin á mæligildum fyrir sýnin frá Los Humeros er mjög mikil. Munurinn á K_b fyrir sandsteininn í Cajon Pass annars vegar og andesítitð í Los Azufres og Los Humeros er þó marktaetur, og bendir það til þess að hægt sé að skilgreina bergvarmaleiðni á þann hátt sem gert er hér. Bergvarmaleiðnin fyrir íslenskt basalt er marktaekt lægri en gildin sem fást fyrir sandstein og andersít. Einnig eru skekkjumörk í mælingum Jessops áberandi lægri en samsvarandi skekkjumörk fyrir sýnin frá Kaliforníu og Mexikó.

3.2.2 1/K sem fall af poruhluta


Á myndum 10, 11, 12 og 13 er 1/K teiknað á móti poruhluta og besta lína dregin í



Mynd 9. LogK sem fall af ϕ fyrir sýni frá Íslandi.



Mynd 10. 1/K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.



Mynd 11. 1/K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.

gegnum mælipunkta á sama hátt og gert var á myndum 6, 7, 8 og 9. Svipaðir eiginleikar koma fram við þessa aðgerð eins og áður hefur verið lýst.

Jöfnur bestu lína gegnum mælipunkta á myndum 10, 11, 12 og 13 eru þessar (sjá Viðauka 2):


$$\begin{array}{lll} \text{CP} & 1/K = (0,0069 \pm 0,0032)\phi + \\ & (0,352 \pm 0,040) \\ \text{LA} & 1/K = (0,0159 \pm 0,0043)\phi + \\ & (0,423 \pm 0,054) \\ \text{LH} & 1/K = (0,0019 \pm 0,0040)\phi + \\ & (0,497 \pm 0,061) \\ \text{ÍS} & 1/K = (0,0081 \pm 0,0015)\phi + \\ & (0,541 \pm 0,011) \end{array}$$

Skurðpunktar við ásana gefa eftirfarandi gildi:


	K_b [W/m °C]	K_v [W/m °C]
CP	$2,84 \pm 0,37$	$0,95 \pm 0,42$
LA	$2,36 \pm 0,35$	$0,49 \pm 0,16$
LH	$2,01 \pm 0,29$	$1,47 \pm 3,29$
ÍS	$1,85 \pm 0,04$	$0,74 \pm 0,14$

Í stórum dráttum eru niðurstöðurnar svipaðar þeim sem fengust úr samanburði á myndum 6, 7, 8 og 9. Dreifingin á mæligildum fyrir sýni frá Los Humeros (mynd 12) er svo veruleg að hallatala línumnar á mynd 12 er mun lægri en hallatölur á myndum 10, 11 og 13. Útreiknað K_v gildi fyrir sýni frá Los Humeros er mjög frábrugðið samsvarandi gildum fyrir sýni frá Cajon Pass, Los Azufres og Ísland. Varmaleiðnigildið fyrir vatn, $0,682 \text{ W/m } ^\circ\text{C}$ er innan skekkjumarka allra K_v gildana.


Munurinn á K_b fyrir Los Azufres og Los Humeros er um 20 %, en samt er þetta ekki marktækur munur vegna þess hve skekkjumörk eru við.



Mynd 12. $1/K$ sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.



Mynd 13. $1/K$ sem fall af ϕ fyrir íslenskt berg.



Mynd 14. K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Cajon Pass.

Skekkjumörk í ákvörðun á bergvarmaleiðni basalts eru mun þrengri en í hinum tilvikunum.

3.2.3 K sem fall af poruhluta

Priðja jafnan sem skoðuð er hér er beint línulegt samband varmaleiðni og poruhluta (jafna 1). Myndir 14, 15, 16 og 17 sýna K sem fall af poruhluta fyrir sýnin frá Cajon Pass, Los Azufres, Los Humeros og Ísland. Gögnin eru meðhöndluð á sama hátt og áður, og jöfnur bestu lína eru þessar (sjá Viðauka 2):


$$\begin{array}{ll} \text{CP} & K = -(0,039 \pm 0,016)\phi + (2,80 \pm 0,20) \\ \text{LA} & K = -(0,038 \pm 0,011)\phi + (2,17 \pm 0,14) \\ \text{LH} & K = -(0,007 \pm 0,014)\phi + (2,04 \pm 0,22) \\ \text{ÍS} & K = -(0,020 \pm 0,004)\phi + (1,83 \pm 0,03) \end{array}$$

Skurðpunktar við ásana gefa eftirfarandi gildi:


	K_b [W/m °C]	K_v [W/m °C]
CP	$2,80 \pm 0,20$	$-1,1 \pm 1,6$
LA	$2,16 \pm 0,14$	$-1,6 \pm 1,1$
LH	$2,03 \pm 0,24$	$1,3 \pm 1,5$
ÍS	$1,83 \pm 0,03$	$-0,2 \pm 0,4$

Í öllum þessum tilvikum eru skekkjumörkin á K_v mjög víð og varmaleiðni vatns $0,682 \text{ W/m } ^\circ\text{C}$ er innan skekkjumarka fyrir Los Humeros. Hins vegar eru K_v gildin fyrir Cajon Pass, Los Azufres og Ísland langt fyrir neðan $0,628 \text{ W/m } ^\circ\text{C}$, en K_v gildið fyrir Los Humeros er ofan við varmaleiðni vatns. Samræmi er því ekki gott.


Dreifingin á mælipunktum á myndum 8, 12 og 16 er mjög mikil, og má almennt segja að gögnin frá Los Humeros virðast vera mjög slæm. Þetta er nokkuð einkennilegt því sömu menn standa að mælingunum á sýnum frá Los Humeros eins og á sýnum frá Los Azufres, en gögnin frá Los Azufres virðast vera í samræmi við gögnin frá Cajon Pass og Íslandi.



Mynd 15. K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Azufres.



Mynd 16. K sem fall af ϕ fyrir sýni frá Los Humeros.



Mynd 17. K sem fall af poruhluta fyrir íslenskt berg.

Freistandi væri að hafna gögnum frá Los Humeros vegna þess að dreifingin er mikil. Betri aðferð er að taka tillit til gagnanna en láta skekkjumörkin ákvarða það vægi sem gögnin hafa á lokaniðurstöðu, þ.e. að nota vegið meðaltal. Það er í raun engin haldbær ástæða að hafna gögnum á þeirri forsendu að dreifing sé mikil. Auk þess er ágætt línulegt samband á milli eðlisþyngdar og poruhluta eins og mynd 5 sýnir.

Tafla 2. Varmaleiðni vatns og bergvarmaleiðni.

Svæði og berggerð	Varmaleiðni vatns [W/m °C]			Bergvarmaleiðni [W/m °C]			Vegið meðaltal bergvarm. [W/m °C]
	logK	1/K	K	logK	1/K	K	
Cajon Pass sandsteinn	0,62±0,77	0,95±0,42	-1,1±1,6	2,8±0,3	2,8±0,4	2,8±0,2	2,81
Los Azufres andesít	0,20±0,18	0,49±0,16	-1,6±1,1	2,2±0,2	2,36±0,35	2,16±0,14	2,20
Los Humeros óþekkt berg	1,4±1,6	1,5±3,3	1,3±1,5	2,0±0,3	2,0±0,3	2,0±0,2	2,01
Ísland basalt	0,52±0,11	0,74±0,14	-0,2±0,4	1,84±0,06	1,85±0,04	1,83±0,03	1,838
Varmal. vatns, vegið meðalt. [W/m °C]	0,44±0,10	0,65±0,10	-0,31±0,36				

Í töflu 2 eru dregnar saman helstu stærðir með skekkjumörkum, sem ákvarðaðar hafa verið hér fyrir samband varmaleiðni og poruhluta. Vegið meðaltal á K_v með skekkjumörkum er ákvarðað fyrir jöfnur (1), (2) og (3). Ef varmaleiðni vatns er notuð sem mælikvarði á gæði jafnanna sem athugaðar voru er jafna (3) auðsjáanlega sú besta til þess að lýsa sambandi milli varmaleiðni og poruhluta. Þetta er eina tilvikið þar sem varmaleiðni vatns 0,628 W/m °C fellur innan skekkjumarka í ákvörðun á K_v. Jafna (2) er næstbesta nálgunin, og þó gildið 0,628 W/m °C falli ekki innan skekkjumarka á K_v í þeirri ákvörðun, er munurinn ekki mjög mikill. Jafna (1) er hins vegar svo fjarri raunveruleikanum að hún kemur varla til greina til þess að lýsa sambandi varmaleiðni og poruhluta.

Eins og sýnt er á mynd 2 þá liggur jafna (4) á milli jafna (1) og (2). Niðurstöður í töflu 2 benda til að jafna (4) sé þar með út úr myndinni sem heppileg lýsing á sambandi varmaleiðni og poruhluta. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða því myndræna líkanið (mynd 1b) á bak við jöfnu (4) virðist vera "raunverulegra" en líkönin sem sýnd eru á mynd 1a. Vera má að þessar niðurstöður séu vísbending um að myndrænn skilningur okkar á poruhluta bergs sé ekki góð lýsing á raunveruleikanum.

Hér vaknar einnig spurning um þýðingu H-S jaðranna. Svo sem sýnt er á mynd 2 þá liggur neðri H-S jaðarinn (jafna 5) mjög nálægt ferli fyrir jöfnu (2). Hins vegar benda fyrirliggjandi niðurstöður til þess að jafna (3) sé betri lýsing á áhrifum poruhluta á varmaleiðni bergs heldur en jafna (2). Bestu niðurstöðurnar liggja þannig utan við H-S jaðranna. Þessar niðurstöður má einnig túlka á þann veg að myndrænn skilningur á poruhluta sé ekki góð lýsing á raunveruleika.

Í töflu 2 er einnig gefið vegið meðalgildi bergvarmaleiðni fyrir Cajon Pass, Los Azufres, Los Humeros og íslenskt basalt. Strangt tekið er þetta ekki rétt meðhöndlun á gögnum vegna þess að sömu gögn liggja til grundvallar fyrir öll gildin á K_b. Breytistærðirnar eru þannig ekki óháðar, sem er forsenda þeirrar tölfræði sem notuð er við slíka reikninga. Af þessum sökum eru skekkjumörk ekki gefin fyrir þessi gildi. Hins vegar er það nokkuð ljóst að það er marktækur munur á bergvarmaleiðni sandsteins annars vegar og andesíts hins vegar. Einnig er bergvarmaleiðni basalts lægri en bergvarmaleiðni andesíts og sandsteins. Hins vegar er ekki marktækur munur á bergvarmaleiðni bergs í Los Humeros og andesíts í Los Azufres. Ýmis atriði benda til þess að berg í Los Humeros sé einhvers konar andesít. Tölfræðilegar athuganir hér eru ekki í andstöðu við það.

4. FYLGNISTUÐLAR

Í kafla 3 hér á undan eru skekkjumörk beinu línnanna reiknuð og skekkjumörkin notuð til þess að athuga hvaða ferill gengur í gegnum varmaleiðnigildið fyrir vatn, innan skekkjumarka, þegar poruhlutinn er 100 %. Annað afbrigði af þessarri aðferðafæði er að reikna út svo kallaða fylgnistuðla, er segja til um hversu vel mæligildi falla að gefnum ferli. Þess er einnig getið í kafla 3 að ferlar fyrir jöfnur (1), (2) og (3) séu svo nálægt því að vera beinar línr á poruhlutabilinu 0-20% að gögnin greini ekki á milli jafnanna ef engin önnur skilyrði eru sett. Tafla 3 sýnir þessar aðstæður glögglega, en í töflunni eru gefnir upp fylgnistuðlar við beinu línumar sem sýndar eru á myndum 6-17.

Tafla 3. Fylgnistuðlar beinu línnanna þegar engin skilyrði eru sett á gögnin.

	K	1 / K	log K
Cajon Pass	0,495	0,455	0,476
Los Azufres	0,669	0,703	0,693
Los Humeros	0,136	0,132	0,134
Íslenskt basalt	0,494	0,539	0,519
Meðalgildi	0,4485	0,4573	0,4555
Meðalfrávik	0,224	0,240	0,234

Enginn tölfræðilegur munur er á fylgnistuðum í þessu tilviki, og í rauninni er fylnin við beina línu mjög lítil í öllum tilvikum.

Ef þau skilyrði eru hins vegar sett á gögnin að ferlarnir eigi að ganga í gegn um varmaleiðnigildið 0,628 W/m°C þegar poruhlutinn er 100 % fást þeir fylgnistuðlar sem gefnir eru í töflu 4.

Tafla 4. Fylgnistuðlar beinu línanna þegar ferlunum er þröngræð í gegnum varmaleiðni vatns við poruhlutann 100 %.

	K	1 / K	log K
Cajon Pass	0,8171	0,9739	0,9256
Los Azufres	0,7422	0,9323	0,8524
Los Humeros	0,8070	0,9564	0,9058
Íslenskt basalt	0,8330	0,9374	0,9048
Meðalgildi	0,7998	0,9500	0,8972
Meðalfrávik	0,0399	0,0190	0,0313

Í þessu tilviki eru fylgnistuðlar fyrir jöfnu (3) marktækt hærri en fyrir jöfnur (1) og (2), sem er sama niðurstaða og fékkst í kafla 3. Í rauninni er aðferðin sem notuð er í kafla 3 sú sama og kemur hér fram í kafla 4. Eini munurinn er sá að niðurstöðurnar eru birtar á mismunandi formi.

Þegar ferlunum fyrir jöfnur (1), (2) og (3) er þröngræð í gegn um varmaleiðni vatns við 100 % poruhluta breytist skurðpunktur við y-ás og ákvörðunin á bergvarmaleiðni verður önnur en sú sem gefin er í töflu 2. Tafla 5 sýnir ákvörðun á bergvarmaleiðni þegar ferlarnir eru látnir ganga í gegn um varmaleiðni vatns við 100 % poruhluta.

Tafla 5. Ákvörðun á bergvarmaleiðni [W/m°C] þegar ferlum er gert að ganga í gegnum varmaleiðni vatns við poruhluta 100 %.

Svæði og berggerð	K	1 / K	log K
Cajon Pass. Sandsteinn	$2,59 \pm 0,08$	$3,57 \pm 0,21$	$2,78 \pm 0,10$
Los Azufres. Andesít	$1,92 \pm 0,09$	$2,13 \pm 0,13$	$1,97 \pm 0,10$
Los Humeros. Óþekkt berg	$2,15 \pm 0,09$	$2,83 \pm 0,22$	$2,30 \pm 0,12$
Ísland. Basalt	$1,81 \pm 0,03$	$1,92 \pm 0,05$	$1,84 \pm 0,04$

